



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2024



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3	Samstarfsverkefni og vitundarvakningar	9
Hlutverk Jafnréttisstofu	4	Jafnrétti í íþróttahreyfingunni	9
Fjárhagur	5	Jafnrétti í sveitarstjórnnum	9
Starfsfólk	5	Mælaborð um jafnrétti í sveitarfélögum	9
Eftirlit	6	Meinlaust	9
Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting	6	Orðin okkar	9
Jafnréttisáætlanir	7	Sexan	10
		Sjúkást	10
Ráðgjöf og aðstoð	7	Fræðslumyndband um vinnumansal	10
Erindi frá einstaklingum	7		
		Samstarfshópar og alþjóðasamstarf	11
Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir	7	Stýrihópur forvarnaráætlunar	11
Innkomin erindi	7	Velferðarvaktin	11
Fundir um jafnréttismál í sveitarfélögum	8	Stjórn jafnréttissjóðs	11
Pemafundur um jafnréttismál opinberra stofnana	8	Pverfagleg ritstjórn vegna félagslegs vinnuumhverfis	11
Námskeið Jafnréttisstofu	8	Share the care	11
		Kynjajafnrétti á Norðurslóðum	11
		Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins	11
		Sérfræðingahópur um ritun tilmæla um stafrænt ofbeldi	11

Ávarp framkvæmdastjóra

Starfsemi Jafnréttisstofu og verkefni eru mjög fjölbreytt og viðtæken eins og undanfarin ár hefur eitt af stóru verkefnum snúið að jafnrétti á vinnumarkaði. Eftirlit og eftirfylgni með því að fyrirtæki og stofnanir uppfylli lagaskyldur um að öðlast jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu hefur að miklu leyti verið þungamiðjan í starfsemi stofnunarinnar síðastliðin ár. Eftirlit og ráðgjöf vegna jafnlaunastaðfestinga er oft flókin og tímafrek vinna sem hefur kallað á sífellda þróun og yfirferð leiðbeininga og þróun á þjónustu og fræðslu.


Fram undan er áframhaldandi vinna við stafræna vegferð Jafnréttisstofu, þjónustugáttin er enn í þróun og verið er að þróa mælaborð fyrir kyngreinda tölfraði sem stofnunin heldur utan um, m.a. mælaborð yfir tölfraði í tengslum við jafnrétti á vinnumarkaði. Í undirbúningi er að vefur Jafnréttisstofu færist undir island.is og samstarf við Stafrænt Ísland er þegar hafið.

Vitundarvakningunni Meinlaust? var áfram fylgt eftir og enn á ný með nýjum áherslum því á árinu 2024 var farið í samstarf við Barnaheill og athyglinni beint að örareiti gagnvart börnum. Fyrri vitundarvakningar snerust um skaðsemi örareitni gagnvart hinsegin fólki, fötluðu fólki og konum af erlendum uppruna. Allar hafa herferðirnar vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum og oftast hefur athyglin verið jákvæð. Því miður hefur í einhverjum tilfellum orðið vart við hatursorðræðu og fordóma og má sérstaklega greina slíkt í garð kvenna af erlendum uppruna. Mikil þörf er á að takast á við slæma stöðu þeirra í samfélaginu, takast á við hatursorðræðu almennt, bakslag í málefnum hinsegin fólks og í kynjajafnréttismálum almennt.

Undanfarin ár hefur Jafnréttisstofa heyrt undir forsætisráðherra og forsætisráðuneyti en frá 1. september 2024 var stofnunin færð undir félagsmálaráðuneyti og félagsmálaráðherra. Eftir kosningar í nóvember 2024 tók ný ríkisstjórn hins vegar ákvörðun um að jafnréttismál og þar með Jafnréttisstofa færðust undir dómsmálaráðherra og dómsmálaráðuneyti. Þar er því núverandi staða Jafnréttisstofu innan stjórnkerfisins og dómsmálaráðherra því jafnframt ráðherra jafnréttismála.

Jafnréttisstofa býr að því að vera auðug af öflugum og góðu starfsfólki en breytingar urðu á árinu þegar Katrín Björg Ríkarðsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri, en hún hafði sinnt starfinu frá árinu 2017. Katrínu er þakkað verðmætt framlag til Jafnréttisstofu og jafnréttismála. Í nóvember 2024 tók undirrituð við starfi framkvæmdastjóra.

Árið 2024 var því ár umróta og breytinga á Jafnréttisstofu og er þá enn mikilvægara að til staðar sé starfsfólk sem leggur metnað sinn og ástríðu í starfið og það er svo sannarlega fyrir hendi á Jafnréttisstofu.




Martha Lilja Olsen,
framkvæmdastjóri

Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Lög um jafna meðferð innan og utan vinnumarkaðar kveða bæði á um bann við mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Að auki kveða lög um jafna meðferð á vinnumarkaði á um bann við mismunun á grundvelli skertrar starfsgetu.

Hlutverk Jafnréttisstofu er skilgreint í 4. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020. Verkefni sem stofnunin annast á grundvelli laga um jafnréttismál eru að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála,
- koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að auknu jafnrétti, t.d. um sértækar aðgerðir á sviði jafnréttismála,
- hvetja til virkrar þátttöku á sviði jafnréttismála, m.a. aukinnar aðkomu karla að kynja- og jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í samfélaginu, svo sem með upplýsingaöflun og úttektum og hafa frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur, kannanir eða rannsóknir á sviði jafnréttismála,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna, ef Jafnréttisstofa telur tilefni til,
- vinna gegn neikvæðum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem og neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu,
- hafa umsjón með umsýslu jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar, sbr. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, annast eftirlit með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu, sbr. 10. gr. sömu laga, og veita jafnlaunastaðfestingu, sbr. 8. gr. sömu laga,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.



Fjárhagur

Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	150.373.111
Sértekjur	454.347
Laun og launatengdur kostnaður	117.033.280
Húsnæði	14.404.021
Annar kostnaður	31.115.442
Afkoma ársins	-12.402.416
Flutt frá fyrra ári	7.532.991
Staða fjárveitinga í lok árs	-4.869.425

Starfsfólk

Nafn	Starfsheiti	Ráðningarár
Anna Lilja Björnsdóttir	Sérfræðingur	2021
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir	Sérfræðingur	2013-2015, 2021
Hjalti Ómar Ágústsson	Sérfræðingur	2018-2019, 2020
Jón Fannar Kolbeinsson	Lögfræðingur, staðgengill framkvæmdastjóra	2018
Jón Ingvi Ingimundarson	Starfsnemi	2024
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	Framkvæmdastjóri, hætti störfum á árinu	2000-2003, 2017
Kristín Ólafsdóttir Önnudóttir	Sérfræðingur	2018
Martha Lilja Olsen	Framkvæmdastjóri	2024
Tryggvi Hallgrímsson	Sérfræðingur	2009
Úlfhildur Jóna Ásdísar Þórarinsdóttir	Rekstrarstjóri	2017

Eftirlit

Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting

Jafnréttisstofa annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu. Stofnunin birtir á vefsíðu sinni skrá yfir aðila sem öðlast hafa jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu. Í lok árs 2024 náði lagaskyldan til 1262 fyrirtækja og stofnana.

Fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 50 að jafnaði á ársgrundvelli ber skylda til að öðlast jafnlaunavottun. Hún er veitt að undangenginni úttekt vottunaraðila á að jafnlaunakerfi og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST85:2012.

Fyrirtæki þar sem starfa 25-49 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli geta skilað gögnum til Jafnréttisstofu og sótt um jafnlaunastaðfestingu sem viðurkenningu á því að launakerfi og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns. Jafnréttisstofu bærust 54 umsóknir um jafnlaunastaðfestingu á árinu 2024, 45 þeirra hlutu afgreiðslu fyrir áramót auk 23 umsókna frá árinu 2023.



Jafnlaunavottun/jafnlaunastaðfesting	Lokið	Ólokið
Stofnanir	121	8
Sveitarfélög	47	6
Fyrirtæki með 50 eða fleiri starfsmenn	360	121
Fyrirtæki með 25-49 starfsmenn	206	393
(þar af 139 jafnlaunastaðfestingar)		

Jafnréttisáætlanir

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli setji sér jafnréttisáætlanir sem gilda til þriggja ára. Jafnréttisáætlanir öðlast gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt þær.

Innsendar og samþykktar áætlanir 2024 voru 218.



Ráðgjöf og aðstoð

Erindi frá einstaklingum

Alls bárust 54 beiðnir frá einstaklingum sem töldu á sér brotið samkvæmt þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með. Erindin vörðuðu eftirfarandi þætti:

Almennt	25
Aldur	2
Fötlun og skert starfsgeta	5
Kyn	15
Kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning	1
Kynþáttur og þjóðernisuppruni	5
Trú og lífsskoðun	1

Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir

Innkomin erindi

Skráð var 61 mál sem varða upplýsingaöflun, fræðslu og forvarnir sem leitað var til Jafnréttisstofu með.

Almennt	34
Heimsóknir og viðtöl	6
Beiðni um kynningar og fræðslu	21

Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir

Fundir um jafnréttismál í sveitarfélögum

Rafrænar þemafundir fyrir sveitarfélögin voru haldnar að vori og hausti. Á vörfundum ársins var sjónum beint að jafnrétti í skólaskóla. Kristín Blöndal, kennari í Lækjarskóla, fjallaði um staðalímyndir í tengslum við orðræðu, námsefni og stafrænan heim og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisskólans, kynnti verkefni skólans. Á haustfundinum var fjallað um hin svokölluðu EKKO mál, þ.e. einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreitni og annað ofbeldi. Sara Hlín Hálfðánardóttir og Eggert Páll Einarsson, sérfræðingar hjá Vinnueftirlitinu, kynntu fræðslumyndbönd, stoðefni og vitundarvakningar um málefnið auk þess sem farið var yfir verklag við eftirlit og hvað þyrfti að hafa í huga varðandi sálfélagslegt áhættumat.

Þemafundur um jafnréttismál opinberra stofnana

Jafnréttisstofa boðaði í nóvember til fyrsta þemafundarins fyrir jafnréttisfulltrúa opinberra stofnana og aðra sem koma að vinnu hjá hinu opinbera á sviði jafnréttismála. Markmið fundanna er að skapa sameiginlegan vettvang til þess að styrkja opinberar stofnanir í vinnu að jafnréttismálum og minna á hlutverk Jafnréttisstofu hvað varðar fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála. Þema fundarins var inngilding, fjölbreytileiki og jöfnuður og hélt Herdís Sólberg Haraldsdóttir, sérfræðingur og eigandi Kveikju, erindi um fjölbreytileika, inngilding og jöfnuð. Einnig kynnti Sandra Björk Bjarkadóttir, mannauðs- og jafnréttissérfræðingur hjá Samkaup, stefnu fyrirtækisins sem nefnist Jafnrétti fyrir öll – Samkaup alla leið. Að lokum fjallaði Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur og fráfarandi formaður jafnréttisnefndar Landspítalans, um áskoranir í jafnréttismálum hjá heilbrigðisstofnunum.

Námskeið Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa býður eftirfarandi námskeið fyrir vinnustaði:

KÁ-vitinn

Markmið fræðslunnar er að starfsfólk og stjórnendur þekki birtingarmyndir og afleiðingar kynferðislegrar áreitni og fái verkfæri til að vinna gegn slíkri hegðun.

KÁ – VITINN
FYRIR VINNUSTADI

Jafnrétti og mismunur á vinnumarkaði

Námskeiðið er ætlað starfsfólki og stjórnendum fyrirtækja. Á námskeiðinu er fjallað um jafnrétti og mismunur á vinnumarkaði. Farið er yfir skyldur atvinnurekenda og réttindi starfsfólks samkvæmt jafnréttislögum.

Jafnrétti & mismunur
á vinnumarkaði

Inngilding og samþætting

Námskeiðið er ætlað stjórnendum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaga. Á námskeiðinu er fjallað um inngilding og samþættingu kynja- og mannréttinda-sjónarmiða hjá sveitarfélögum. Farið er yfir skyldur sveitarfélaga, helstu áskoranir og hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til að ná árangri.

Inngilding og
samþætting
- fyrir sveitarfélög -

Námskeið fyrir umsækjendur um jafnlaunastaðfestingu

Boðið var upp á netnámskeið hálfs-mánaðarlega yfir vetrartímann fyrir umsækjendur um jafnlaunastaðfestingu.



Samstarfsverkefni og vitundarvakningar

Jafnréttisstofa tekur þátt í fjölbreyttum samstarfsverkefnum þar sem afurðirnar eru oft samfélagslegar vitundarvakningar, samstarf í rannsóknum og upplýsingaöflun sem varða jafnréttismál, tölfraði tengd jafnréttismálum o.s.frv.

JAFNRÉTTI Í ÍPRÓTTAHREYFINGUNNI

Samstarf Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu hélt áfram á árinu með þróun uppfærðrar jafnréttisáætlunar fyrir íþróttafélög og nýrra leiðbeininga um jafnrétti í íþróttastarfi. Samstarfið felst einnig í söfnun kyngreindra upplýsinga um áhrifastöður í íþróttahreyfingunni.

JAFNRÉTTI Í SVEITARSTJÓRNUM

Jafnréttisstofa er framkvæmdaaðili aðgerðar C.16 í byggða-áætlun sem nær til árána 2022-2036. Markmið verkefnisins er að efla sveitarstjórnir og auka vitund um mikilvægi fjölbreyttra sjónarmiða innan þeirra. Í byrjun árs 2024 lauk viðtölum við kjörna fulltrúa af erlendum uppruna og niðurstöður voru teknar saman. Undirbúningur fyrir vinnustofu með kjörnum fulltrúum fór í gang á vordögum og var vinnustofan haldin í Reykjavík í nóvember þar sem þátttakendur voru kjörnir fulltrúar frá fimm sveitarfélögum. Í kjölfarið voru þróuð drög að gátlista um hvernig hægt er að ýta undir þátttöku fólks með fjölbreyttan bakgrunn í stjórnun sveitarfélaga. Gátlistinn verður gefinn út haustið 2025.

MÆLABORÐ UM JAFNRÉTTI Í SVEITARFÉLÖGUM

Jafnréttisstofa er samstarfsaðili innviðaráðuneytis, Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni 10. Mælaborð um jafnrétti í kafla 1.1. í aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2039. Markmið verkefnisins er að þróa mælaborð yfir tölfraði á sviði jafnréttismála í anda Evrópuverkefnisins Tea for two. Markmiðið samræmist jafnframt ofangreindu verkefni C.16 í byggðaáætlun. Verkefnið er á góðri leið og er stefnt að útgáfu mælaborðsins á árinu 2025.



MEINLAUST

Vitundarvakningunni [Meinlaust](#) sem var í dreifingu árið 2022 og 2023 með mismunandi áherslum var framhaldið með nýjum áherslum árið 2024. Í samstarfi við Barnaheill var sjónum beint að öræitni gagnvart börnum þar sem meðal annars var vakin athygli á staðalímyndum og þögulli rödd barna. Áður hefur Jafnréttisstofa verið í samstarfi við Samtökin '78, Proskahjálpi og Hennar rödd í Meinlaust herferðum.

ORÐIN OKKAR

Í janúar hleypti Jafnréttisstofa af stokkunum vitundarvakningunni Orðin okkar til að hvetja fólk til umhugsunar um áhrifamátt orða sinna. Markmið herferðarinnar er að stuðla að auknu jafnrétti í íslensku samfélagi og berjast gegn hatursorðræðu og rótum hennar, s.s. fordómum, neikvæðum staðalímyndum og smánun minnihlutahópa. Í tengslum við herferðina var vefsíðan [ordinokkar.is](#) opnuð þar sem finna má upplýsingar tengdar hatursorðræðu. Herferðin var unnin af auglýsingastofunni Peel með stuðningi forsætisráðuneytisins.



Samstarfsverkefni og vitundarvakningar

SEXAN

Jafnréttisstofa er einn af samstarfsaðilum Sexunnar sem er árleg stuttmyndakeppni fyrir nemendur 7. bekkja í grunnskólum landsins þar sem öllum börnum á aldrinum 12-13 ára er boðið að taka þátt.

Markmið keppinnar er að efla vitund og fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis í samskiptum og lífi ungs fólks í sívaxandi stafrænum heimi. Hugmyndafræði keppinnar gengur út á að læra í gegnum sköpun, að virkja nemendur til að fræða hvert annað með sínum hætti um það sem þeim liggur helst á hjarta í tengslum við þemu keppinnar í gegnum stuttmyndir um efnið. Sexan fór fram í annað sinn á þessu ári og er að festa sig í sessi sem árlegur viðburður.



SJÚKÁST

Jafnréttisstofa hefur haldið utan um fjármagn sem veitt var í Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025 til kynninga Stígamóta á SJÚKÁST verkefninu, sem fram fer árlega í kringum Samfestinginn, árlegan dansleik Samfés - Landssamtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Stígamót buðu upp á fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur frá mars og fram að dansleiknum sem fram fór 3. maí.



FRÆDSLUMYNDBAND UM VINNUMANSAL

Fræðslumyndband kom út á fimm tungumálum um helstu einkenni vinnumansals. Myndbandið er samstarfsverkefni Vörðu – Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, Félagsmálaskóla alpýðu, Jafnréttisstofu, Kvennaathvarfsins, Vinnuettirlitsins, Rauða krossins á Íslandi og Neyðarlínu – 112. Elías Rúni teiknaði myndirnar við handrit sem unnið var af samstarfshópi þeirra sem komu að verkinu. Verkefnið hlaut styrk frá Dómsmálaráðuneyti og Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.



Samstarfshópar og alþjóðasamstarf

STÝRIHÓPUR FORVARNARÁÆTLUNAR

Fulltrúi Jafnréttisstofu er varaformaður í stýrihópi sem forsætisráðherra fól að annast framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025. Markmið með starfi stýrihópsins er að koma á samhæfðum vinnubrögðum, skýra ábyrgð, greina skörun og koma á góðu samstarfi ábyrgðaraðila við framfylgd áætlunarinnar.

VELFERÐARVAKTIN

Jafnréttisstofa á fulltrúa í velferðarvaktinni sem er samstarfsvettvangur félagasamtaka og stjórnvalda um almenna velferð á Íslandi.

STJÓRN JAFNRÉTTISSJÓÐS

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður til þess að fjármagna og styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna. Forsætisráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og á Jafnréttisstofa fulltrúa í stjórn.

ÞVERFAGLEG RITSTJÓRN VEGNA FÉLAGSLEGS VINNUMHVERFIS

Jafnréttisstofa á fulltrúa í þverfaglegri ritstjórn á vegum Vinnueftirlitsins sem hefur það hlutverk að vera til ráðgjafar um áherslur og framsetningu efnis fyrir félagslegt vinnumhverfi með áherslu á forvarnir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

SHARE THE CARE

Samstarfsverkefni Jafnréttisstofu, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og rannsóknarstofnana á Norðurlöndum um verkefnið Share the care hélt áfram á árinu. Tilgangur verkefnisins er að auka fjölda karla sem skráir sig og útskrifast úr hjúkrunarfræði og byggir á verkefninu Karlar og hjúkrun sem sömu aðilar unnu að. Verkefnið er unnið í samstarfi við norsku jafnréttissamtökin Reform og styrkt af NIKK.

KYNJAJAFNRÉTTI Á NORÐURSLÓÐUM

Frá árinu 2013 hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í verkefninu Kynjajafnrétti á Norðurlóðum (e. Gender Equality in the Arctic) ásamt Norðurlóðaneti Íslands, Utanríkisráðuneytinu og Stofnun Vilhjalms Stefánssonar. Verkefnið er nú í sínum fjórða

fasa sem felur í sér annars vegar rannsókn á núverandi stöðu og áskorunum varðandi öflun og vinnslu samanburðarhæfra, kyngreindra tölfræðigagna á norðurlóðum og útgáfu á skýrslu með niðurstöðunum, og hins vegar vinnustofu og hlaðvarpsþáttaröðina „Sharing Wisdom and Knowledges“ sem bæði voru leidd af fulltrúum frumbyggjasamtaka sem taka þátt í verkefninu. Verkefninu lýkur árið 2025 en undirbúningur að fimmta fasa verkefnisins er þegar hafinn.

Í tengslum við verkefnið tók Jafnréttisstofa þátt í tveimur viðburðum á Arctic Circle Assembly sem fram fór dagana 17.-19. október. Jafnréttisstofa átti fulltrúa í panel í viðburðinum „Gender Equality for More Sustainable Communities in the Arctic“ sem haldin var af Utanríkisráðuneyti Spánar. Þá stýrði fulltrúi Jafnréttisstofu umræðum á viðburði um stöðu hinsegin fólks á Norðurlóðum undir heitinu „Queer Rights in the Arctic“.

JAFNRÉTTISNEFND EVRÓPURÁÐSINS

Sérfræðingur Jafnréttisstofu á sæti í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins (GEC) fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Nefndin er ráðgefandi vettvangur sem mótar stefnu, fylgir eftir aðgerðaáætlunum og veitir faglega ráðgjöf á sviði jafnréttismála. Ísland hefur í þessu samstarfi lagt sérstaka áherslu á jafnrétti á vinnumarkaði, meðal annars með kynningu á jafnlaunavottuninni sem íslenskri nýjung, og á aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, þar með talið stafrænu ofbeldi. Þátttakan gerir Jafnréttisstofu kleift að miðla íslenskri reynslu inn á evrópskan vettvang og stuðlar að því að íslensk stjórnvöld nýti alþjóðlega þekkingu í innlendra stefnumótun.

SÉRFRÆÐINGAHÓPUR UM RITUN TILMÆLA UM STAFRÆNT OFBELDI

Sérfræðingur Jafnréttisstofu tekur þátt í sérfræðingahópnum GEC/PC-eVIO (e. Committee of Experts on combating technology-facilitated violence against women and girls) fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Hópin hefur Evrópuráðið sett á laggirnar undir GEC og CDPC til að semja tillögu að tilmælum til allra ríkja um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi sem nýta tækni, meðal annars netglæpi og rafrænt áreitni. Með þátttökunni leggur Ísland fram sérfræðikunnáttu á þessum nýja og vaxandi vettvangi, dregur fram reynslu og þarfir þolenda hér á landi og stuðlar að því að tillögurnar verði bæði raunhæfar og áhrifaríkar.



Jafnréttisstofa Borgum v/ Norðurlóð 600 Akureyri
460 6200 jafnretti@jafnretti.is www.jafnretti.is